

**72. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 9. október 2018
og hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Helga Dóra Kristjánsdóttir aðalmaður, Magnús Einar Magnússon aðalmaður, Arna Ýr Kristinsdóttir varamaður, Kristján Andri Guðjónsson varamaður og Brynjar Þór Jónasson sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Embættismenn:

Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, upplýsingafulltrúi og Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Tjarnarsvæði á Suðureyri - 2011030002

Lagðar fram þrjár tillögur um skipulag tjarnarsvæðisins á Suðureyri.

Lagt fram til kynningar. Nefndin felur starfsmönnum tæknideildar að bera málið undir hverfisráð Súgandafjarðar til umsagnar og umræðu.

2. Hraðavaraskilti í Ísafjarðarbæ - 2010120030

Lagðar fram upplýsingar frá Ralf Trylla umhverfisfulltrúa um hraðavaraskilti sem setja á upp í sveitarfélaginu. Til stendur að setja upp skilti við strætóstoppistöð á Pollgötu á Ísafirði, við gatnamót Sætúns og Súgandafjarðarvegs við Suðureyri, við lónið fyrir utan Flateyri og við Fjarðargötu 64 á Þingeyri. Þá eru uppi hugmyndir um að Ísafjarðarbær kaupi færanlegt hraðavaraskilti og noti það eftir þörfum á ólíkum stöðum.

Lagt fram til kynningar. Umhverfisfulltrúa falið að vinna málið áfram í samstarfi við Vegagerðina. Þá leggur nefndin til að gert verði ráð fyrir kaupum á færanlegu skilti á fjárhagsáætlun 2019.

3. Framtíðarskipulag skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar - 2017030089

Kynntar tillögur Nannýjar Örne Guðmundsdóttur um skipun starfshóps um skipulag útivistastæða í Tungudal, Dagverðardal og Seljalandsdal.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að starfshópurinn verði skipaður í samræmi við tillögurnar. Samkvæmt þeim verður hópurinn skipaður formanni umhverfis- og framkvæmdanefndar, byggingarfulltrúa og sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs.

4. Ósk um leyfi til losunar á óvirkum úrgangi - 2018100004

Lagt fram bréf Karls Ásgeirssonar f.h. Skagans 3X á Ísafirði, dags. 28. september,

þar sem óskað er eftir 10 ára leyfi til að losa óvirkan úrgang, n.t.t. sand og glersalla, sem fellur til við framleiðslu fyrirtækisins.

Nefndin veitir leyfi til losunar í 10 ár í samræmi við verðskrá og fyrirkomulag förgunar á óvirkum úrgangi hverju sinni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:50

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Helga Dóra Kristjánsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Arna Ýr Kristinsdóttir

Kristján Andri Guðjónsson

Brynjar Þór Jónasson

Hálf dán Bjarki Hálf dánsson

Ralf Trylla